

Nd.

138. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60, 30. júlí 1909.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er öll á einu máli um það, að ekki sje tiltækilegt að skifta Ísafjarðarlæknishjaraði þannig, að stofnað sje sjerstakt læknishjarað í Hólshreppi, ásamt Bolungavíkurverslunarstað. Þar sem því er nú svo háttað, að í Ísafjarðarlæknishjaraði er fastur aðstoðarlæknir, en hann situr nú við hlið hjaraðslæknisins á Ísafirði, þá lítur nefndin svo á, að rjettast sje og enda sjálfsagt, að aðstoðarlæknirinn sitji í Bolungavík. Nú sem stendnr er auðvitað ekki hægt að skylda lækni þann, er í þessu embætti situr, til að setjast að í Bolungavík. Nefndin leggur því til, að styrkurinn, sem hreppsúunum í Hólshreppi, ásamt Bolungavíkurverslunarstað, er ætlaður í fjárlöggunum til að leita sjer læknishjálpar, 300 kr. hvort árið, sje færður upp í 500 kr. hvort árið, þar til unt sje að skylda aðstoðarlækninn í Ísafjarðarlæknishjaraði til að setjast í Bolungavík. Þess skal getið, að tillögur þessar eru í samræmi við skoðun landlæknis á málinu.

Alþingi, 19. júlí 1917.

Einar Arnórsson,
formaður.

Pjetur Ottesen,
framsögumaður.

Magnús Guðmundsson,
skrifari.

Einar Jónsson.

Einar Árnason.